

**Mál nr. 491/2025**

**Nafn málskotsaðila (M)**

**Nafn varnaraðila (V)**

**Heiti váttryggingar: Slysáttrygging launþega.**

**Nafn váttryggingartaka (X)**

**Slysahtugtak váttryggingaréttar. Matsfrestur.**

**Gögn.**

1. Málskot mótttekið 30. desember 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 16. janúar 2026 ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 23. janúar 2026.

**Málsatvik.**

Í málskoti kemur fram að M hafi, hinn 17. desember 2021, orðið fyrir slysi við störf sín hjá X. Atvik hafi verið þau að M, sem þá var tæplega 17 ára gamall, hafi verið að hengja upp kítartöflu þega allur þungi töflunnar lenti á hné hans með þeim afleiðingum að hann hlaut líkamstjón. X hafi ekki sent V tilkynningu um tjónið fyrr en hálfu ári síðar og hafi sú tilkynning verið fremur rýr en í henni hafi því verið haldið fram að taflan hafi ekki verið mjög þung. Slys M hafi þá verið illa upplýst og rannsakað en t.a.m. hafi hvorki lögregla né Vinnueftirlitið verið kölluð á slysstað. Ósanngjarnt sé verði M látinn bera hallann af því. M hefur krafist bóta úr slysáttryggingu launþega sem X var með í gildi hjá V á slysdegi en hann telur ljóst að taflan hafi runnið til eða eitthvað farið úrskeiðis við verkið. Telji M þá að skilyrði slysahtuktaks váttryggingaréttar séu uppfyllt, þ.e. að um skyndilegan, utanaðkomandi atburð hafi verið að ræða og styðji lækisfræðileg gögn við þá afstöðu.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að í sjúkraskrá, vegna komu á bráðamóttöku hinn 17. desember 2021 sé atvikinu lýst svo: „16 ára strákur var að setja upp töflu í skóla og þegar hann lyftir töflunni fer allur þunginn á hæ. hné. Hann heyrir í kjölfarið smell og fær samstundis töluverða verki í hnéd við litla hreyfingu.“ Í göngudeildarnótu, dags. 24. janúar 2022, segi að M hafi hlotið áverka á hné við álagssnúning. Í tjónstilkynningu X til V, dags. 17. maí 2022 segi að M hafi verið að lyfta töflunni af gólfinu og þá hafi eitthvað gefið sig í hnénu, taflan hafi ekki verið þung. Í tjónstilkynningu M til V, dags. 8. janúar 2025 sé slysinu lýst svo að M hafi verið „að hengja, ásamt öðrum starfsmanni, þunga kítartöflu á vegg í skóla þegar slinkur kemur á hné M og hnéskelin fer úr lið.“ V telji að samkvæmt framangreindu hafi ekki verið um að ræða slys í skilningi viðeigandi váttryggingarskilmála. Að mati þess sé ekkert sem bendi til þess að skyndilegur utanaðkomandi atburður hafi valdið slysi M, heldur hafi meiðsl hans komið til við að lyfta hlut. Ekki liggir fyrir að eitthvað hafi farið úrskeiðis við framkvæmd verksins eða að upp hafi komið óvænt frávik frá þeirri atburðarás sem M hafi mátt búast við. Sé bótaskylda því ekki fyrir hendi. Þess utan byggir V á því að hugsanlegur réttur til bóta sé fallinn niður enda sé matsfrestur þrjú ár frá slysdegi samkvæmt skilmálum váttryggingarinnar. Þriggja ára frestur til framkvæmdar örorkumats hafi því runnið út hinn 17. desember 2024. V hafi framlengt þann frest til 28. febrúar 2025, en það tímamark sé einnig liðið og hugsanlegur réttur M til bóta þar af leiðandi fallinn niður.

Í viðbótarathugasemdum M er byggt á því að allur þungi töflunnar hafi lagst á hné M bendi til þess að eitthvað hafi farið úrskeiðis og valdið slysi hans. Eru þá ítrekaðar athugasemdir um slæga rannsókn slyssins, en X hefði átt að hlutast til um hana. Eins og áður sé rakið liggja takmörkuð gögn fyrir um slysið, og t.a.m. sé ekki ljóst hversu þung taflan hafi verið. Liðhlaup í hné og aðrir áverkar sem M hlaut af slysinu séu ekki eðlileg afleiðing þess að lyfta upp töflu í félagi við samstarfsmann heldur megi telja víst að eitthvað hafi farið úrskeiðis eða óvænt frávik hafi orðið frá væntri atburðarás. Þá er því hafnað að réttur M til bóta geti verið niður fallinn þar sem matsfrestur sé liðinn. Höfnunarbref V hafi ekki borist fyrir en 7. febrúar 2025 og í kjölfarið hafi málskot þetta verið sent nefndinni, innan þeirra tímamarka sem eigi við um slík málskot. Sé því fráleitt að halda því fram að tímafrestir leiði til missis bótaréttar.

**Álit.**

Aðila greinir samkvæmt framansögðu í fyrsta lagi á um hvort sýnt sé að einkenni M megi rekja til atviks sem falli undir slyshugtak vátryggingaréttar, þ.e. hvort um hafi verið að ræða skyndilegan utanaðkomandi atburð. Almennar sönnunarreglur í vátryggingarétti leiða til þess að það hvílir á tjónþola, þ.e. M, að sýna fram á að svo sé. Svo um slys í skilningi vátryggingaréttar og skilmála V sé að ræða þarf M því að sýna fram á að tjón hans sé að rekja til einhvers utanaðkomandi, óvænts fráviks frá væntri atburðarás en ekki innri verkunar líkama M sjálfs s.s. vegna veikleika eða rangrar líkamsbeitingar við framkvæmd verksins. Í bráðasjúkraskrá slysadeildar dags. 17. desember 2021, en líta verður á hana sem frumgagn í málinu, er atvikum lýst svo að M hafi verið að lyfta töflunni og allur þungi hennar hafi farið á hægra hné hans. Bendir framangreind lýsing ekki til þess að um slys í framangreindum skilningi sé að ræða. M byggir á því að eitthvað hljóti að hafa farið úrskeiðis við framkvæmd verksins enda annars óhugsandi að ungur og hraustur maður verði fyrir líkamstjóni við slíkt verk. Engin frekari gögn, s.s. vitnaframburðir álits- eða matsgerðir, hafa þó verið lögð fram því til stuðnings. Er það því mat nefndarinnar að ekki sé sýnt fram á að skilyrði slyshugtaks vátryggingaréttar séu uppfyllt.

Í öðru lagi byggir V á því að matsfrestur sé liðinn og því sé hugsanlegur réttur M til bóta niðurfallinn. Í viðeigandi vátryggingarskilmálum kemur fram að örorka skuli að jafnaði metin einu ári eftir slys, annars þegar læknir telur að varanlegar afleiðingar slyssins hafi komið í ljós, en þó ekki síðar en þremur árum eftir slysdag. Í dómaframkvæmd hefur slíkur skilmáli í vátryggingum ekki verið talinn óvenjulegur eða óeðlilegur, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar í máli nr. 604/2017. Umræddur frestur var því liðinn 17. desember 2024. Fyrir liggur, sbr. tölvupóst V til umboðsmanns M dags. 8. janúar 2025, að V féllst á að framlengja matsfrestinn út febrúar 2025. Ekki liggur fyrir að V hafi, með orðum eða gjörðum, fallist á frekari framlengingu og verður því að miða við að framlengdur matsfrestur hafi runnið út 28. febrúar 2025. Í ljósi málflutnings M er rétt að taka fram að um sjálfstæðan frest er að ræða sem líður óháð málskotsfresti 2. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga en þar kemur fram að hafni vátryggingafélag kröfu um bætur hafi sá sem telur sig eiga rétt til bóta eitt ár, frá því honum berst sannanlega slík tilkynning, til að skjóta máli sínu til nefndarinnar. Verður V þá ekki metið það til sakar að hafa ekki byggt sérstaklega á því, í höfnunarbréfi sínu dags. 7. febrúar 2025, að matsfrestur væri liðinn enda var framlengdur matsfrestur ekki liðinn á því tímamarki.

Af öllu framangreindu á M því ekki rétt til bóta vegna þess líkamstjóns sem hann hlaut við störf sín hjá X 17. desember 2021.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu launþega X hjá V.

Reykjavík, 17. febrúar 2026.  
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir